

Ed. **129. Frumvarp til laga** [106. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins nr. 30 12. maí 1970.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

4. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr Byggingarsjóði ríkisins, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1976 og gerir ráð fyrir að þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjóra greiðist úr Byggingarsjóði ríkisins í stað þess að greiðast úr ríkissjóði eins og verið hefur. Gerir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1976 ráð fyrir þessari breytingu.